

Miðvikudaginn 28. febrúar 1968.

Nr. 181/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Kristjáni Guðbjartssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, og hafa endurrit þeirra verið lögð fram í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega fallast á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, er í héraðsdómi greinir. Eftir málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektar 2 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðbjartsson, greiði kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júlí 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 12. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 284/1967: Ákærvaldið gegn Kristjáni Guðbjartssyni, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 17. apríl 1967, höfðað á hendur Kristjáni Guðbjartssyni bifreiðarstjóra, Smiðjustíg 3, Reykjavík, fæddum 12. nóvember 1942 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 21. maí 1966 ekið bifreiðinni R 8481 vestur Álfhólsveg í Kópavogi og inn á Reykjanesbraut án þess að sinna nægilega biðskyldu þar á gatnamótunum, þannig að árekstur varð milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar R 8757, er ekið var suður Reykjanesbraut í sama mund.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1964 12/5 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1965 12/1 í Reykjavík: Sátt, 900 kr. sekt fyrir umferðarslys.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 21. maí 1966, klukkan 1820, var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr á gatnamótum Reykjanesbrautar og Álfhólsvegar þar í bæ. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman bifreiðarnar R 8757, sem ekið var suður Reykjanesbraut, og R 8481, sem ákærði ók vestur Álfhólsveg. Samkvæmt skýrslu lögreglu urðu skemmdir á bifreiðinni R 8757 þær, að vinstra afturbretti, höggvari, kistulok, hjólkoppur og útblástursrör löskuðust, en vinstra frambretti og stöðuljós bifreiðarinnar R 8481 skemmdust. Ákærði skýrði lögreglu svo frá á árekstrarstað, að hann hefði stöðvað á mótum Reykjanesbrautar og Álfhólsvegar, en stuttu síðar tekið af stað, þar sem hann hefði ekki séð til bifreiðarinnar R 8757 fyrr en um seinan og þá ekki getað komið í veg fyrir, að árekstur yrði.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði stöðvað bifreið sína við stöðvunarskyldumerkið á Álfhólsvegi, um 5 metra frá malbiksbrún Reykjanesbrautar. Ákærði kvaðst hafa tekið af stað aftur og stöðvað við malbiksbrún vegna umferðar í báðar áttir um Reykjanesbraut. Sagðist ákærði muna eftir sendiferða-

bifreið á leið suður og þegar honum virtist ekki lengur trafali af henni, litið í suður til þess að huga að umferð þáðan, og minnti hann, að þáðan hefði verið einhver umferð. Í sama mund sagði ákærði, að áreksturinn hefði orðið, og kvaðst hann ekkert hafa tekið eftir bifreiðinni R 8757, fyrr en eftir að snerting varð og hefði bifreið hans þá verið kyrrstæð.

Vitnið Magnús Sigurður Hreindal Magnússon skrifstofumaður, Hagafliót 8, Garðahreppi, kvaðst hafa ekið bifreiðinni R 8757 suður Reykjanesbraut greint sinn á lítilli ferð og á vinstri vegarhelmingi hinnar malbikuðu brautar. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði verið stöðvuð við gatnamótin, þegar vitnið nálgast þau, en ákærði skyndilega tekið af stað inn á aðalbrautina, rétt í sama mund og vitnið var á móts við hann, og kom þetta vitninu mjög á óvart, en bifreið ákærða rakst á vinstri hlið bifreiðar vitnisins aftarlega.

Þegar til þess er litið, að ákærði verður ekki var við hina bifreiðina fyrr en eftir árekstur, og skemmdir á bifreiðunum virðast staðfesta þann framburð vitnisins Magnúsar Sigurðar Hreindals Magnússonar, að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð, er árekstur varð, verður að telja, að ákærði hafi ekki sýnt þá ýrustu varúð, sem lög mæla fyrir um, þá er hann greint sinn ók inn á Reykjanesbraut, sem er aðalbraut samkvæmt auglýsingu nr. 124 15. júlí 1960.

Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði þeirri lausn.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðbjartsson, greiði 4.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.